

Hin nýja jarðöld og sambands- fræðin

Ideó

I. Ideologia (fyrirmyndarfræði). Plátóns og scientia correspondentiarum (samsvaranafræði) Swedenborgs eru náskyld fræði, hvorttveggja á rót sína í hinum sama sannleik. En sá sannleikur er samband lífmyndanna og ástands lífsins á hinum ýmsu jarðstjörnum, himingimsins. Það er þetta sem riður svo mikið á að skilja, að þegar það tekst, þá er hafin ný jarðöld á þeim hnetti, öld hinna sönnu framfara. — Þá er horfið af helvegi. Lífstefna tekin í stað helstefnu. Það er þessi sannleikur sem nú er verið að reyna að koma fram hjer á jörðu, en ekki hefir fengið áheyrn ennþá sem skyldi. Og kemur þetta mjög ljóslega fram í rás viðburðanna nú og ástandinu hjer á jörðu. Tveir mjög eindregnir helstefnuviðburðir hafa gerst hjer á landi einmitt þessa dagana. Ungbarn er soðið til bana, og ungur maður lífandi grafinn á þeirri stundu er hann hefir sennilega ekki talið sig í neinni hættu staddan. Atburðir af þessu tagi eru eins og gustur á undan ofviðri, sem alt keyrir um koll, eða smátitringur, á undan jarðskjálfta,

sem öllu snýr í rústir. En það er óhætt að segja það fyrir, að hjer á landi er von á ýmsu úr þeirri átt, og verra en áður eru dæmi til í sögu þjóðarinnar — ef helstefnunni verður haldið.

II.

Fyrir nokkru kom hingað til lands gestur, sem merkilegrá erindi gæti hingað átt en nokkur sem hjer hefir að landi borið áður, maður sem heldur því fram með krafti hinnar göfugustu sannfæringar, að íslenska þjóðinni sje stærra hlutverk ætlað í sögu mannkynsins en nokkur líkindi mundu þykja til þegar einungis er litið á smæð þjóðarinnar og örlög ýmsra þeirra íslendinga er við betri ástæður helst hefðu verið fallnir til að vinna verk sem áundnið hefðu þjóðinni heimsins. Sveinn Páls son, Jónas Hásson, Einarsson, og fleiri. Nú er eftir vita hvort sá verður árangurinn af þeirri hjálp sem forsjónin er að veita oss með komu hins ágæta útlandings, er til er ætlast, — eða hvort rás viðburðanna heldur sömu stefnu og áður, og verður því líkust, sem andskotinn væri mitt á meðal vor. En þegar gætt er að hættunum sem yfir vofa, þá mun það sjást að það er síst ofmælt, að einmitt sú hafi hjer stefnan verið.

22. maí.

Helgi Pjetursson.

1939. 9.6.